

Áhættustefna

Tilgangur

Tilgangur stefnunnar er að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi Norðurorku, til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa. Tilgangur með áhættustefnu Norðurorku er einnig að styrkja áhættustjórnun og innra eftirlit með heildstæðum hætti í rekstri og starfseminni, ná fram betri nýtingu fjármuna ásamt fylgni við lög og reglur í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

Markmið

Norðurorka gerir reglulega áhættumat til þess að greina og meðhöndla áhættu í starfseminni til að tryggja að hún sé innan ásættanlegra viðmiða og til að efla áhættuvitund í starfseminni.

Meginmarkmiðið er að:

- áhætta umfram áhættuviðmið sé meðhöndluð,
- aðgerðir vegna mildunar áhættu hljóti viðeigandi forgang,
- stjórnarfolk, stjórnendur, starfsfólk, verktakar, þjónustuaðilar og aðrir aðilar sem starfa fyrir Norðurorku þekki eigið hlutverk, boðleiðir og mikilvægi áhættustýringar.

Sértækar stefnur sem eru til staðar skulu vera í samræmi við áhættustefnuna, til dæmis umhverfisstefna, gæðastefna, öryggisstefnur eða stefnur um upplýsinga- netöryggi og persónuvernd.

Áhættumat verkefnis er framkvæmt áður en ákvörðun er tekin um stærri verkefni, stefnubreytingu eða breytingu á starfsemi eða skipulagi. Skilgreind viðeigandi viðmið og hlutverk vegna ákvörðunar um áhættumat verkefnis eru metin eftir eðli og umfangs verkefnis.

Áhættuvilji

Starfsemi Norðurorku einkennist af varfærni í samræmi við skyldur fyrirtækis í eigu sveitarfélaga sem opinberra aðila, skv. lögum um Norðurorku og önnur lög og reglur og viðmið um skyldur og góða stjórnarhætti.

Áhættustefnu er skipt niður í meginmarkmið sem tryggja að Norðurorka geti sinnt grunnhlutverki sínu á öruggan og skilvirkan hátt með lágmarksáhættu. Þetta gerir Norðurorka með því að:

- Draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuskrá.
- Tryggja að Norðurorku hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi
- Greina, meta og stýra áhættu í rekstri með hliðsjón af starfsemi, stefnum Norðurorku og skilgreindum mörkum.

Umfang

Áhættustefnan er bindandi fyrir allt starfsfólk og nær til allra lögaðila sem veita Norðurorku þjónustu. Stefnan nær einnig til dótturfélaga, rekstrar- og viðskiptaferla, upplýsingavinnslu, reksturs og aðstöðu ásamt allra kerfa, upplýsingaverðmæta, hug- og vélbúnaðar sem er í eigu og umsjón Norðurorku.

Framkvæmd og ábyrgð

Stefnan er samþykkt af stjórn Norðurorku og er á ábyrgð hennar. Skal áhættutaka vera í samræmi við áhættustefnu þessa. Með samþykkt stefnunnar staðfestir stjórn umgjörð um framkvæmd áhættustjórnunar.

Áhættustefna

Stjórnar samþykkir stefnuna og staðfestir með undirritun sinni. Hjá Norðurorku er framkvæmdaráð sem sér til þess að stefnunni sé framfylgt, vera starfrækt stjórnskipulag áhættustýringar og samræmt áhættustýringarferli sem hentar umfangi fyrirtækisins.

Endurskoðun

Að lámaki á tveggja ára fresti skal framkvæmdaráð endurskoða stefnuna og leggja fyrir stjórn til samþykktar og undirritunar og einnig ef breytingar verða á skipan forstjóra fyrirtækisins.

Akureyri, 10. desember 2024

Stjórn Norðurorku hf.
